



VATNSENDASKÓLI

Starfsmannakönnun 2022

Umbótaáætlun

Efnisyfirlit

Umbótaáætlun Vatnsendaskóla vegna starfsmannakönnunar Skólapúlsins 2022.	3
Starfið	4
Starfsumhverfi kennara	4

Umbótaáætlun Vatnsendaskóla vegna starfsmannakönnunar Skólapúlsins 2022.

Starfsmannakönnun Vatnsendaskóla fór fram í mars 2022. Þar voru 22 almennir þættir mældir. Til viðbótar voru kennarar beðnir um að gefa upplýsingar um 31 þátt. Starfsmannakönnunin fór fram á netinu og var send á tölvupóstfang allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista.

Niðurstöður einstakra matspáttu eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Fjöldi þátttakenda í könnuninni var 86 og var fjöldi svarenda 61 sem er 70,9%. Skýrslan í heild er birt á heimasíðu skólans. Það er ljóst að mjög margoð jákvætt kemur út í könnuninni en umbóta er þó þörf á nokkrum þáttum og birtist hér umbótaáætlun. Þeir þættir sem teknir eru fyrir í umbótaáætluninni mældust í könnuninni marktækt fyrir neðan niðurstöður á landsvísu.

María Jónsdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla.

Starfið

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Ágreiningur um hlutverk	Tryggja að starfsfólk og kennarar fái viðeigandi leiðsögn til að leysa þau verkefni sem þeim er falið ásamt því að samræma verkbeiðnir til þeirra.	Fara yfir ferla og upplýsa starfsfólk um verkferla.	Skólabyrjun 2022	Skólastjórnendur	Skólapúls 2024	Að starfsfólk og kennarar séu öryggir með þau verkefni sem þarf að vinna og hafi viðeigandi þekkingu og verkfæri til þess.

Starfsumhverfi kennara

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara.	Að auka faglega forystu og leiðbeiningar til kennara varðandi bættu kennsluhætti.	Skólastjórnendur munu fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir og auka þar með tækifæri til beinnar endurgjafar til	Skólaárið 2022-2023.	Skólastjórnendur.	Umræða í starfsmannasamtali 2023. Endurgjöf og samtal í lok veru skólastjórnanda í kennslustund hjá kennara.	Bættir kennsluhættir og aukin fagmennska kennara og stjórnenda.

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika.	Styðja kennara með aukinni fræðslu um nemendur með námserfiðleika, skipuleggja námshópa með betri yfirsýn og þarfagreina nemendur út frá stuðningi.	kennara í lok kennslustundar. Notast verður við vel rýnda og faglega gátlista sem henta til endurgjafarinnar.			Umræður innan stoðteymis. Tekið fyrir á kaffihúsfundi í maí 2023. Umræður við kennara í starfsmannasamtali vor 2023.	Að kennarar fái aukin stuðning og viti hvar og hvernig honum er háttað.
Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika.	Styðja kennara með aukinni fræðslu um nemendur með hegðunarerfiðleika. Efla kennara til að	Skipuleggja fræðslu innan skólans og skerpa á hvar hægt sé að fá			Umræður innan stoðteymis. Tekið fyrir á kaffihúsfundi í maí 2023. Umræður við kennara í	Að kennarar fái aukin stuðning og viti hvar og hvernig honum er háttað.

	takast á við hegðun nemenda út frá uppeldi til ábyrgðar.	aðstoð. Efla kennara í uppeldi til ábyrgðar.			starfsmannasamtali vor 2023.	
--	--	---	--	--	---------------------------------	--

